

hen-da *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– það má henda gömlu
dagblöðunum

‡ • afhenda, hönd » fleygja

kost-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– hvað kosta sítrónurnar?

‡ • kostnaður

skip-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– ég læt ekki skipa mér fyrir

‡ • skipan

stund-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– ég stunda íþróttir

‡ • stund, stundum

lykil-l *kk. – hestur B S*
[-s, lyklar]

– ertu með lykilinn af hjólinu?

‡ • ljúka

bros *hk. – hús*
[-s, -]

– bros hennar var einlægt

‡ brosa • brosa

taug *kvk. – nál*
[-ar, -ar]

– hún fer í taugarnar á mér

‡

vilj-i *kk. et. – tími*
[-a]

– við virðum vilja meirihlutans

‡ vili • vilja, tilviljun

dularfull-ur *lo. – gulur*
[-, dularfult; dularfyllri, dularfyllstur]

– þetta var dularfullt sakamál

• fullur

glæsileg-ur *lo. – gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– þetta er glæsilegur hestur!

‡ glæsiligur

lykt *kvk. et. – mynd*
[-ar]

– það er góð lykt af blómunum

‡

skilning-ur *kk. et. – hestur*
[-s]

– hún hefur engan skilning á
mínum málum

‡ skilning (kv) • skilja, skil, óskiljanlegur » vit

nýlega *ao.*

– hefurðu farið í bíó nýlega?

‡ nýliga • nýr

aðallega *ao.*

– við seljum aðallega matvörur

‡ aðalliga

sameiginleg-ur *lo. – gulur*
[-, -t]

– við erum með sameiginlegt
þvottahús

‡ sameiginligr • saman, eiginn

vandlega *ao.*

– þú verður að lesa þetta
vandlega

‡ vandliga/vannliga • vanur, vandi, vandamál,
vandræði